

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 17. nóvember 2008.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stofnun samvinnu- og efnahagsráð Íslands (5. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar sem felur í sér að Alþingi beini því til forsætisráðherra að koma á fót samvinnu- og efnahagsráði Íslands.

Viðskiptaráð tekur undir með framsögumönnum tillögunnar að brýnt sé að taka á yfirstandandi efnahagsþrengingum af festu og ákveðni. Forsenda þess er hins vegar samræmt átak allra þátttakenda þjóðfélagsins og sameiginleg ákvörðun þeirra að nú sé tími erfiðra ákvarðana þar sem langtímahagsmunir allra skulu hafðir að leiðarljósi. Þar eiga allar mögulegar lausnir að vera uppi á borðum og afstaða gagnvart þeim skal byggð á rökum en ekki sérhagsmunum. Helsta vandkvæði slíkra ákvarðana er að þær þarf að taka frekar fyrir en síðar, en þó að vel ígrunduðu máli.

Því miður er það oftast þannig að opinberar nefndir og ráð þar sem fulltrúar stjórnmalaflokka leiða vinnuna skortir þau hröðu handtök sem einmitt er forsenda stofnunar þeirra. Alltof mörg dæmi eru því til staðfestingar. Það er þess vegna sem Viðskiptaráð leggur til að samvinnu- og efnahagsráð Íslands verði eingöngu skipað sérfræðingum á sviði efnahagsmála. Þar á að líta til þeirrar þeirra sérfræðinga sem starfa innan veggja háskóla landsins (t.a.m. Rannsóknarstofnunar í fjármálum við Háskólann í Reykjavík og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands) og þar á einnig að líta til hagfræðinga og annarra sérfræðinga á vegum fulltrúa atvinnulífsins og launþega. Þessum aðilum til fulltingis eiga að vera starfsmenn Seðlabankans, Fjármálaeftirlits, Samkeppniseftirlits, Hagstofunar og ráðuneyta, bæði hvað varðar veitingu upplýsinga sem og almennrar aðstoðar. Að auki ættu lögfræðingar á sviði fjármálaréttar (t.a.m. sérfræðingar á vegum Fjármálaréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík) að vera þessum hópi til aðstoðar, svo tryggt sé að tillögur ráðsins séu í samræmi við íslenska löggjöf og alþjóðlegar skuldbindingar og svo að unnt sé að setja þær í lögformlegan farveg. Ráðið ætti sjálft að skipa með sér formann og varaformann, í stað þess að þeir séu skipaðir af ráðherra.

Samvinnu- og efnahagsráð þarf að hafa yfir að ráða nægum heimildum til að geta sinnt störfum sínum, t.a.m. að geta krafist opinbera aðila um upplýsingar er varða efnahagsmál. Ráðið þarf að hafa ótvírætt umboð til að útbúa og leggja til við ríkisstjórn, samband sveitarfélaga, Alþingi, Seðlabanka og þingflokkanum heildstæðan lista af efnahagsaðgerðum. Þessar aðgerðir þurfa framangreindir aðilar að ræða, bæði innan sinna raða og sín á milli og taka formlega og opinbera afstöðu til. Líftími ráðsins ætti alls ekki að vera takmarkaður við yfirstandandi efnahagsþrengingar.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar eru til hér að ofan.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs